





RANGÁRÞING YTRA

Aðalskipulag 2010-2022 - Iðnaðarsvæði í Þykkvabæ



Breytt aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, sveitarfélagsuppdráttur. Mkv. 1:50.000.



Gildandi aðalskipulag Rangárþings ytra, sveitarfélagsuppdráttur, staðfest 2. febrúar 2011. Mkv. 1:50.000.

GREINARGERÐ

1. INNGANGUR

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og liggur svæðið að þéttbýlinu í Þykkvabæ. Breytingin tekur til iðnaðarsvæðis fyrir vindrafstöðvar. Gerð er breyting á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulagsins og greinargerð.

Hér að neðan er lýst þeim breytingum sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem var staðfest 2. febrúar 2011.

2. IÐNAÐARSVÆÐI

Gert er ráð fyrir iðnaðarsvæði í landi Háabæjar í Þykkvabæ, 117 sem getur verið allt að 1 ha að stærð. Gert er ráð fyrir tveimur vindrafstöðvum með samtals allt að 1,9 MW orkuframleiðslu. Í greinargerð aðalskipulags, kafla 4.4 bætist við eftirfarandi texti: "117 Vindmyllur í Þykkvabæ. Gert er ráð fyrir nýtingu iðnaðarsvæði fyrir vindrafstöðvar, samtals allt að 1,9 MW orkuframleiðslu. Stærð svæðis er um 1 ha."

3. LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Landbúnaðarsvæði skerðist lítillega. Gert er ráð fyrir að í deiliskipulagi verði afmarkað allt að 0,5 ha svæði undir hvora vindmyllu og tengda starfsemi en annað land þar um kring verði áfram nýtt til landbúnaðar eins og verið hefur, að teknu tilliti til öryggissvæðis sem er við vindmyllur. Framleiðsla raforku með vindmyllur veldur einhverri hljóðmengun en óveruleg hættu er af annarri mengun s.s. í jarðveg.

4. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM AÐALSKIPULAGSBREYTINGARINNAR

Við greiningu á þeim þáttum sem talið er að geti orðið fyrir umhverfisáhrifum var ákveðið að meta breytinguna út frá eftirfarandi umhverfisþáttum:

·Samfélag og byggð, þ.m.t. útivist, byggð, ferðapjónusta og önnur atvinnustarfsemi.

·Náttúrufarslegir þættir, þ.m.t. gróður, fuglalíf og sjónræna þætti.

·Heilsa og öryggi, þ.m.t. umferð, loft- og hljóðmengun.

·Vernd og minjar, þ.m.t. vatns-, hverfis- og náttúruvernd, fornleifar og aðrar menningaminjar.

Gerð er grein fyrir umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af stefnu skipulagsins og þeim mótvægisáðgerðum sem fyrirhugaðar eru. Við matið verður notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram koma í töflu hér til hliðar. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa.

UMHVERFISÞÆTTIR SEM AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN HEFUR ÁHRIF Á

| VAL-KOSTIR | Samfélag og byggð | Náttúrufar og landslag | Heilsa og öryggi | Verndarsvæði og minjar |
|------------------------|---|--|---|---|
| Breytt aðalskipulag | Orkuvinnsla styður við stefnu sveitarstjórnar um að styrkja atvinnulíf, fjölga atvinnutækifærum og hafa gott framboð iðnaðarlóða. Styrkir tekjugrunn sveitarfélagsins. | Vindrafstöðvar verða mjög sýnilegar. Kann að hafa áhrif á fuglalíf. | "Vistvæn" orkunýting hefur jákvæð áhrif á umhverfisleg gæði, þ.á.m. loftslag. Er í samræmi alþjóðasamþykktir. Áhrif á hljóðvist, sérstaklega næst hverfli. | Engar þekktar forn- eða náttúruminjar eru á skipulagssvæðinu. |
| Aðalskipulag 2010-2022 | Landbúnaðarland skerðist ekki. | Engin áhrif | Engin áhrif | Engar þekktar forn- eða náttúruminjar eru á skipulagssvæðinu. |

Jákvæð áhrif Neikvæð áhrif Óveruleg áhrif

5. NIÐURSTAÐA SVEITARSTJÓRNAR

Helstu áhrif breytts aðalskipulags eru sjónræn og e.t.v. vegna hljóðvistar. Gerð verður nánari grein fyrir hljóðvist í nágrenni vindrafstöðvanna og öryggissvæðinu í deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir að hljóðvist verði undir viðmiðunarmörkum við alla byggð.

Almennt er litið á vindorku sem vistvæna orkunýtingu og alþjóðlegir sáttmálar og samningar lúta að því að nýta endurnýjanlega orkugjafa sem mest. Mengunarhætta frá vindrafstöðvum er lítil og því ætti slík landnýting ekki að hafa mikil áhrif á jarðveg eða landbúnað í nágrenni. Það er því niðurstaða sveitarstjórnar að æskilegt sé að skapa skilyrði til að byggja vindrafstöðvar á svæðinu. Breytt aðalskipulag styður við markmið sveitarstjórnar um aukin og fjölbreyttari atvinnutækifæri og gott lóðaframboð fyrir iðnfyrirtæki. Breytt aðalskipulag styrkir atvinnulíf á svæðinu en skerðir lítillega ágætt landbúnaðarland. Aðalskipulagsbreytingin hefur jákvæð áhrif á samfélagið og ekki verður um skerðingu að ræða á minjum eða verndarsvæðum.

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann _____ samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

Byggð

- Landbúnaðarsvæði
- Býli / eyðibýli
- Iðnaðarsvæði
- Frístundabyggð
- Námur (E) og Haugsvæði (H)
- Opin óbyggð svæði
- Þéttbýli

Samgöngur

- Tengivegir og héraðsvegir
- Aðrir vegir, eingöngu til skýringar
- Reiðleiðir

Veitur

- Ljósleiðari

Vernd

- Hverfisvernd vegna fornminja

Mörk

- Mörk skipulagssvæðis og sveitarfélaga
- Mörk jarða, óviss og ekki tæmandi



STEINSHOLT

Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella. S. 487 7800
www.steinsholtsf.is

Hannað: GG, ÁJ, IS
Teiknað: IS

RANGÁRÞING YTRA

Aðalskipulagsbreyting

Verk: 8613 SA104

Mkv: 1:50.000

Blaðstærð: A3

Dags: 05.06.2013

Breytt:

Samþykkt: